



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

| |
|---------------------|
| Málsnr.: R 20050126 |
| Skjalasafn Ráðhúss |
| 20. maí 2021 |
| Bréfalykill: 240. |

Reykjavík, 17. maí 2021
SFS2020050080
7.1

Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

Efni: Aðgengi að fríum tíðavörum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23 mars 2021 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 13. maí 2020, þar sem tillögu fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2021, um tillöguna.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga Sögu Maríu Sæþórsdóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að veita auknu fjármagni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðavörum frá og með hausti 2020.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið veiti auknu fjármagni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðavörum frá og með hausti 2021.

Tillagan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir vilja þakka fulltrúum ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða fyrir góða og mikilvæga tillögu. Ungmenni sem fara á blæðingar hafa ekki val um hvort og hvenær blæðingar hefjast og því mikilvægt að auðvelda aðgengi að tíðarvörum á salernum í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Það getur aukið verulega á kvíða og streitu ungmenna að óttast að byrja á blæðingum á skólatíma eða þurfa að fara á salernið án þess að hafa tíðarvörur meðferðis. Haustið 2018 hófst tilraunaverkefni um aukna markvissa kynfræðslu í tveimur skólum. Samhliða fræðslunni hefur verið boðið upp á fríar tíðarvörur í skólunum. Reynslan af verkefninu hefur verið afar jákvæð og þykir þeim nemendum sem hafa blæðingar

öryggi felast í því að geta gengið að tíðarvörum vísu ef á þarf að halda og hefur starfsfólk viðkomandi skóla tekið undir þá skoðun. Í ljósi þessa er samþykkt að fríar tíðarvörur verði aðgengilegar í öllum grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar frá og með haustinu 2021.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þátttaka ungs fólks í stjórnámálum er afar mikilvægur þáttur í virku lýðræði og þróun þess. Reglulegir fundir borgarstjórnar með ungmennaráðum borgarinnar er öflugur samráðsvettvangur og því nauðsynlegt að taka vel á móti tillögum sem þar eru lagðar fram. Tillögur ungmennaráða eru vandaðar, málefnalegar og vel ígrundaðar. Tafir á afgreiðslu og löng málsmeðferð er ekki til þess fallin að auka áhuga ungmenna á þátttöku í stjórnámálum. Þess vegna harma skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks að tillaga ungmennaráðs hafi dagað uppi innan stjórnkerfis borgarinnar. Tillögunni sjálfri er fagnað og tekið undir með þeirri greinargerð sem tillögunni fylgir. Tillagan er því samþykkt. En um leið er hvatt til þess að tillögur ungmennaráða í framtíðinni fái vandaða málsmeðferð án óþarfa tafa og dráttar.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 7. febrúar 2021

Bréf borgarstjóra, dags. 13. maí 2020



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

15. MAÍ 2020

Málsnúmer SFS2020050080
Bréfalýkill 7-1

Reykjavík, 13. maí 2020
R20050126
óm

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga Sögu Maríu Sæþórsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um fríar tíðarvörur í alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sögu Maríu Sæþórsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að veita auknu fjármagni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðarvörum frá og með hausti 2020.

Greinargerð:

Kynþroskaskeiðið er viðkvæmt tímabil í lífi einstaklings og því er gott að vita að tíðarvörur verði aðgengilegri en þær eru í dag. Það minnkar stress og hefur í för með sér mun meiri þægindi. Þessi kaup ættu að vera í líkingu við kaup á klósettpappír. Samkvæmt grófum útreikningum eru tíðarvörur ekki kostnaðarsamar vörur og þá sérstaklega ekki eftir að bleiki skatturinn var afnuminn.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.


Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.





MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um fríar tíðavörur í alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að veita auknu fjármagni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðavörum frá og með hausti 2020.

Greinargerð fylgdi.

Á Íslandi sem og víða erlendis hefur umræðan um fríar tíðavörur á almenningssalernum orðið meira áberandi á undanförunum misserum. Fólk sem hefur blæðingar hefur almennt ekki val um hvort og hvenær blæðingar hefjast. Því hafa ýmsir hópar kallað eftir því að tíðavörur verði taldar til sama flokks og aðrar hreinlætisvörur s.s. salernispappír og handsápa á almennum salernum. Það hefur þó enn ekki verið samþykkt með lögum.

Kynþroskaskeiðið getur verið viðkvæmur og flókinn tími fyrir börn og ungmenni á margan hátt. Sum börn eru afar ung þegar kynþroskatímabilið hefst en það getur jafnvel munað 5-6 árum á milli einstaklinga hvenær ferlið fer af stað. Þegar blæðingar eru byrjaðar er algengt að fyrstu árin séu þær óreglulegar og mismiklar. Það getur aukið verulega á kvíða og streitu ungra einstaklinga að óttast að byrja á blæðingum í skólanum eða að þurfa að fara á salernið og hafa ekki tíðavörur meðferðis.

Haustið 2018 hófst tilraunaverkefni um aukna markvissa kynfræðslu í tveimur skólum í Reykjavík, Foldaskóla og Seljaskóla. Samhliða aukinni kynfræðslu hefur verið boðið upp á fríar tíðavörur í skólunum tveimur sem og í þeim félagsmiðstöðvum sem nemendur úr skólunum sækja. Nemendur í þeim skólum fengu fræðslu um tíðavörur og svo var vörunum komið fyrir á salernum skólanna og félagsmiðstöðvanna. Bæði hafa bindi og tappar verið í boði. Reynslan af verkefninu hefur verið afar jákvæð og þykir þeim nemendum sem hafa blæðingar öryggi í því að geta gengið að tíðavörunum vísu ef á þarf að halda. Starfsfólk í tilraunaverkefninu er sammála um að mikilvægt sé að tryggja áframhaldandi fríar og aðgengilegar tíðavörur á starfsstöðunum.

Virðisaukaskattur af tíðavörum var lækkaður úr 24% í 11% þann 1. september 2019 og hefur því almennur kostnaður lækkað. Áætla þarf út frá nemendafjölda í hverjum skóla hversu mikið magn af tíðavörum þarf að kaupa inn árlega. Ef tilraunaverkefnið er haft til hliðsjónar þá er áætlaður heildarkostnaður fyrir alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar borgarinnar á bilinu 650.000 - 750.000 krónur á ári. Mælt er með að magn innkaupa verði endurmetið út frá nýtingu fyrsta skólaárið. Kostnaður verður tekinn af fjárheimildum skóla- og frístundasviðs.